

Dags. fundar: 28. ágúst 2013	Tími: 17.15	Nr. fundar: 34
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Pálsstofa, Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Verkskipan innan nefndar
2. Atburðardagatal næsta sundárs.
3. Útstríkanir og uppfærslur á dómatalista.
4. Námskeið.
5. Kosning sunddómara.
6. Dómaraskírteini og dómarafatnaður.
7. Vefsíðan
8. Önnur mál
 - a. Nýjar FINA reglur
 - b. Alþjóðlegir dómara.
 - c. Mönnun móta.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason, Ólafur Baldursson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

Dagskrá:

1. Að hluta til hefur ný nefnd tekið til starfa. Hlutverk nefndarinnar hefur verið yfirfarið og samþykkt hjá stjórn SSÍ. Ingibjörg er formaður nefndarinnar og sér áfram um utanumhald punkta. Gunnlaugur sér áfram um uppröðun á mótin. Jón og Sigurður Óli munu sjá um að taka við umsóknum um mót frá félögum og fylgja eftir að gögn mótanna skili sér til skrifstofu SSÍ.
2. Drög að atburðardagatali sýna að sundmót nýs sundárs verða álíka mörg og þétt og var á síðasta sundári. Ennþá getur atburðardagatalið tekið breytingum og er það fyrst og fremst háð mótum erlendis.
3. Að svo stöddu verða dómara ekki stríkaðir út af dómatalistanum en þeim dómurum sem eru tæpir verður sendur tölvupóstur og þeim bent á stöðuna. Búið er að uppfæra nokkra nema en ekki hafa allir namar sinnt ábendingum um að þeir eigi rétt á uppfærslu.
4. Áætlað er að halda dómara námskeið miðvikudaginn 25. september í Reykjavík, í tengslum við Sundmót Ármanns sem fer fram 27.-29. september. Einnig miðvikudaginn 9. október í Hafnarfirði, í tengslum við TYRmót Ægis sem fer fram 11.-13. október og fimmtudaginn 9. janúar 2014 í Reykjavík, í tengslum við Reykjavíkurmestaramót.

5. Umræður um efnið og sýnist sitt hverjum. Ákveðið að fresta efninu til næsta fundar.
6. Ólafur mun athuga með endurprentun á dómarskírteinum en þau eru búin eins og er. Verið er að leggja lókhönd á saming við Speedo og munu fatamál dómara skýrast í kjölfar hans.
7. DMT-nefnd leggur mikla áherslu á að sá hluti vefsíðunnar sem snýr á dómgæslu komist í betra form og upplýsingastreymi á henni verði betra. Einnig myndi Sigurður Óli útbúa mörg pdf skjalanna sem eru til þannig að hægt sé að fylla þau út á vefnum. Sent verður formlegt erindi til stjórnar um aðgengi að vefsíðunni.
8. **a.** Nýjar FINA reglur voru gefnar út á vefsíðu FINA 16. ágúst s.l. (http://www.fina.org/H2O/docs/rules/sw_rules_20132017.pdf) Óli mun kanna með þýðingu á þeim en þær taka gildi 23. september n.k. Senda þarf þýðingu þeirra út til sunddómara.
 - b.** Nokkrir alþjóðlegir dómara hafa óskað eftir að koma til starfa á mótum hér á landi. Sumir hafa komið áður, aðrir eru nýjir. Er það ánægjulegt og sýnir að kynning á dómgæslu á Íslandi er að skila sér. Því miður er það svo að íslenskir alþjóðlegir sunddómara geta ekki notið fjárhagslegs liðsinnis SSÍ ef þeir óska eftir að starfa á mótum erlendis a.m.k. þetta sundárið.
 - c.** Umræður um mönnun á mótum. DMT-nefnd er sammála um að breyta ekki út af mönnun á SSÍ og alþjóðlegum mótum og þeim félagamótum þar sem keppendur eru að reyna við lágmörk. Á þeim mótum er gerð krafa um dómara réttindi yfirtímavarðar (sjá SW 1.2. í nýjum reglum FINA). Sé um að ræða B og C mót mætti slaka á mönnuninni en skilgreiningu fyrir B og C mót er verið að vinna.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni

Ábyrgur

Ljúkist fyrir:

Sameina gátlista, verklag o.fl. skjöl	JH og SÓG	Sem fyrst
Gera umsóknareyðublað um mót	JH og SÓG	Sem fyrst
Gera Drop-box	SÓG	Sem fyrst
Staðfesta dagsetningar dómara námskeiða. Láta auglýsa.	ÓB og BV	Sem fyrst
Útvega dómarskírteini.	ÓB	Sem fyrst
Láta þýða nýjar FINA reglur	ÓB	Sem fyrst
Endurvinnna „fólk í búr“ lista	RG	Sem fyrst
Klára dómara lista, gefa út.	IELS	Sem fyrst
Senda formlegt erindi vegna vefsíðu	IELS	Sem fyrst

Fundi slitið kl: 19.00.

Næsti fundur: Verður boðað til hans, ekki seinna en í október.